



Keilir

Miðstöð vísinda,
fræða og atvinnulífs

KEILIR ÁRSSKÝRSLA 2013

Hagnýtt og fjölbreytt námsframboð í
framsæknu og nútímalegu skólaumhverfi





ÁVARP STJÓRNARFORMANNS

Árni Sigfússon

Keilir hefur starfað í sjö ár. Í raun má segja að hann hafi þegar slitið barnskónum. Undirtitill Keilis er – miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs. Með því vildu stjórnendur strax í upphafi leggja áherslu á tengsl hins nýja skóla við atvinnulífið á svæðinu. Þannig yrði lagður grunnur að endurreisn atvinnulífs á Reykjanesi.

Óhætt er að segja að þær áherslur hafi haldist býsna vel. Námsbrautir hafa orðið til með fyrirtækjum, beint og óbeint samstarf Keilis við framsækin fyrirtæki leggur grunn að nýsköpun og verðmæta- aukningu.

Þá er ánægjulegt til þess að vita að yfir þúsund manns hafi nýtt sér það einstaka tækifæri sem Háskólabrúin veitir.

Keilir var stofnaður til að hækka menntastig. Því ákalli hefur verið vel svarað. Fyrir það ber að þakka öllu hinu áhugasama starfsfólki Keilis og samstarfs- aðilum þess.

f.h. stjórnar Keilis

*Árni Sigfússon,
stjórnarformaður*

Stjórn Keilis 2013 - 2014

Aðalstjórn:

Árni Sigfússon, Reykjanesbær, formaður.

Ásgeir Margeirsson, Hitaveita Suðurnesja

Einar Jón Pálsson, Samband sveitarf. á Suðurnesjum

Eiríkur Hjálmarsson, Orkuveita Reykjavíkur

Halldór Jónsson, Háskóli Íslands, varaformaður.

Kjartan Eiríksson, Próunarfélag Keflavíkurflugvallar

Sæunn Stefánsdóttir, Háskóli Íslands

Varastjórn:

Brynhildur Davíðsdóttir, Háskóli Íslands

Hjálmtyr Hafsteinsson, Háskóli Íslands

Grímur Sæmundsen, Bláa lónið

Guðbrandur Einarsson, Verslunarmannafél. Suðurnesja

Ingvi Jónasson, Háskólavellir

Ragnar Örn Pétursson, Starfsmannafélag Suðurnesja.

Skúli P. Skúlason, Kaupfélag Suðurnesja



FRÁ FRAMKVÆMDASTJÓRA

Hjálmar Árnason

Síðla árs 2013 kom saman í höfuðstöðvum Keilis myndarlegur hópur fólks. Mikið var um dýrðir, knúsað, hlegið og skeggrætt þar sem gleðin var við völd. Þetta var fyrsti útskriftarhópur af Háskólabró Keilis. Brautryðjendur af skólabekk sem kom saman til að fagna fimm ára útskriftarafmæli sínu. Flest búin að ljúka háskólagráðum af ýmsum toga og/eða stofna eigið fyrirtæki. Þetta var söguleg stund – tímanna tákn, holdgervingur þess sem Keilir var stofnaður til – að mennta fólk og skapa því ný tækifæri í lífinu. Yfir þúsund manns hafa lokið prófi af Háskólabró og farið svipaða leið. Af sama meidi má segja að sé sigurliðið í hinni árlegu hönnunarkeppni véla- og iðnaðarverkfræðinema á vegum Háskóla Íslands en lið Keilis úr tæknifræðinni bar þar sigur úr bítum.

Og nú er sjöunda árið að baki. Á liðni starfsári bættust tvær nýjar námsbrautir í flóru Keilis, þ.e. flugvirkjanámið og ævintýraleiðsögn. Hið fyrnefnda í samstarfi við elsta flugvirkjaskóla í Evrópu, AST í Skotlandi en ævintýraleiðsögnin með Thompson Rivers University í Kanada. Þannig reynir Keilir að svara kalli tímans og þörfum atvinnulífsins með uppbyggingu nýrra námsbrauta. Aðsóknin bendir til þess að þetta hafi verið rétt ákvörðun. Aðferð okkar til að ná settum markmiðum er að sækja samstarf við þá sem best kunna til verka – hvort heldur er innanlands eða erlendis. Hinar nýju námsbrautir bera þess merki.

Viskubrunnur er nýsköpun í starfi Keilis. Með honum viljum við nýta enn betur þann mannauð sem býr hjá Keili sem og þær námsaðferðir sem Keilir leiðir. Þannig tekst að bjóða upp á stutt námskeið en um leið að styrkja samstarf við fyrirtækin í landinu. Fer Viskubrunnur einkar vel af stað svo sem fram kemur á öðrum stað í skýrslu þessari.

Hundruð gesta heimsóttu Keili á starfsárinu og ber vott um áhuga á starfi okkar.


Nýr rekstraraðili tók við rekstri mötuneytis þar sem fyrirtækið MENU leysir Skólamat af hólmi. Þökkum við síðarnefnda aðilanum fyrir einkar gott samstarf á liðnum árum.

Keilir stóð fyrir ýmsum málþingum og vinnufundum á árinu. Má þar nefna málþing um svefnvenjur unglinga í samstarfi við Hið íslenska svefnrannsóknarfélag, vinnufund um brennisteinsvetni o.fl. með þátttöku orkufyrirtækja, verkfrædistofa og University of South Florida. Þá gerðist Keilir aðili að Codland með fullri þátttöku í Sjávarklassanum.

Í starfi nýsköpunarfyrirtækis á borð við Keili er mikilvægt að bregðast skjótt við aðstæðum og halda stöðugt vöku gagnvart nýjum tækifærum. Þannig hefur Keilir unnið með ýmsum aðilum að útfærslu nokkurra nýrra námsleiða. Sumar lengra komnar en aðrar. Ekki verður beinlínis sagt að opinberir aðilar hafi verið hvetjandi við að hrinda þeim í framkvæmd. Veltir maður á stundum fyrir sér hvort einkaskólar á borð við Keili eigi síður upp á pallborð stjórnsýslunnar en skólar í eigu ríkisins. Þá má segja að löngu sé orðið tímabært að koma á koppinn svonefndum fagháskólum á þriðja og fjórða námsþrepi. Umræðan um það hefur staðið lengi og fáir mælt gegn hugmyndinni en margir með. Samt gerist fátt.

Undirritaður vill þakka frábæru starfsfólki Keilis fyrir enn eitt skemmtilegt starfsárið, stjórn fyrir samstarfið sem og öllum samstarfsaðilum.

*Hjálmar Árnason,
framkvæmdastjóri*



KENNSLUSVIÐ

Kennslustjórar eru Anna María Sigurðardóttir og Björk Guðnadóttir. Auk þeirra starfa á kennslusviði, Skúli Freyr Brynjólfsson náms- og starfsráðgjafi í 100% stöðu, Þóra Kristín Snjólfisdóttir náms- og starfsráðgjafi í 50% stöðu sem námsráðgjafi og 50% stöðu sem prófstjóri og Óskar Birgisson þjónustustjóri tölvudeildar. Keilir og bókasafn Reykjanesbæjar hafa gert samstarfssamning og sinnti Stefanía Gunnarsdóttir starfi bókasafnsfræðings hjá Keili þangað til í desember 2013 en þá tók Sigurrós Sigurbergsdóttir við því starfi.

Kennslusvið er stöðdeild við þær deildir sem í boði eru innan skólans. Undir kennslusvið fellur, tölvuþjónusta, nemendaskráning, kennslukerfi í stað- og fjarnámi, náms- og starfsráðgjöf, prófstjórn, bókasafn og gæðaráð.

HLUTVERK KENNSLUSVIÐIS

Hlutverk kennslusviðs er m.a. samskipti og skýrslugerð fyrir menntamálaráðuneytið, Hagstofuna og Lánasjóð íslenskra námsmanna. Þá hefur kennslusvið umsjón með handbókum kennara og nemenda, stundatöflugerð, framkvæmd prófa, ber ábyrgð á útskrift og dagskrá skólaárs. Kennslusvið framkvæmir kennslu- og þjónustukannanir, sér um og fylgir eftir ferlum í gæðahandbók, býr til gæðaskýrslur ásamt því að samræma kennslu og hefur yfirsýn yfir þá starfsemi sem á sér stað innan skóla Keilis. Þá er hlutverk kennslusviðs einnig tölvuþjónusta fyrir nemendur og starfsfólk, þróun og umsjón kennslukerfis í stað- og fjarnámi, umsjón og skráning einkunna fyrir alla skóla. Kennslusvið sér einnig um að þjálfa alla kennara og nemendur Keilis til notkunar á kennslukerfinu Moodle.

Haustið 2013 urðu þær skipulagsbreytingar að Ingibjörg Elín lét af störfum sem prófstjóri í 30% stöðu og var Þóra Kristín Snjólfisdóttir ráðin í hennar stað í 50% stöðu. Sigrún Arnardóttir náms- og starfsráðgjafi fór í ársleyfi og Þóra Kristín Snjólfisdóttir

leysti hana af. Óskar Birgisson var ráðin sem þjónustustjóri í tölvudeild.

NÝJUNGAR Í TÆKNIMÁLUM

Keilir uppfærði kennslukerfið Moodle árið 2013, uppfærslunni fylgdu miklar breytingar til bóta.

ÚTSKRIFAÐIR NEMENDUR

Árið 2013 útskrifaði Keilir 316 nemendur, flestir útskrifuðust af Háskólabrú eða 196 nemendur. Hér að neðan má sjá yfirlit yfir fjölda útskriftarnema eftir brautum árið 2013:

Deild	Fjöldi
Háskólabrú - Fjarnám	98
Háskólabrú - Staðnám	98
ÍAK - Einkaðjálfar	69
Flugþjónustubraut	14
ATPL - Atvinnuflugmannsnám	16
ATC - Flugumferðastjórnarnám	5
Flugrekstrarfræði	3
Tæknifræðinám	13
Samtals árið 2013	316

Í lok ágúst 2013 hafði Keilir útskrifað 1.607 nemendur þar af 1.122 af Háskólabrú.

BÓKASAFN KEILIS

Stefanía Gunnarsdóttir, bókasafns- og upplýsingafræðingur starfar á bókasafninu alla daga nema miðvikudaga. Þór Fjalar Hallgrímsson, bókasafns- og upplýsingafræðingur vinnur á miðvikudögum í Keili. Erna Ásta Guðmundsdóttir, bókasafns- og upplýsingafræðingur leysti Stefaníu af frá febrúar og út maí. Sigurrós Sigurbergsdóttir, bókasafns- og upplýsingafræðingur tók við verkefnisstjórn í bókasafni Keilis í desember.

Aðsetur bókasafnsins er í aðalbyggingu Keilis og er starfsmaður á vakt kl. 10:00 - 16:00 alla skóladaga.

Þjónustusamningur á milli Bókasafns Reykjanesbæjar og Keilis var endurnýjaður óbreyttur í febrúar 2013. Samkvæmt samningnum fá nemendur Keilis fullan aðgang að safnkosti og þjónustu bókasafns Reykjanesbæjar. Samningurinn felur m.a. í sér að:

- Nemendur Keilis fá frí lánþegaskírteini
- Nemendur Keilis fá upplýsingaþjónustu og aðstoð við heimildaleit
- Nemendur Keilis fá safnkennslu í upplýsingalæsi
- Bókasafns- og upplýsingafræðingur er á vakt í Keili alla kennsludaga frá kl. 10:00 til 16:00

HLUTVERK BÓKASAFNS KEILIS

Meginhlutverk safnsins er að veita nemendum og starfsmönnum greiðan aðgang að upplýsingum og heimildum vegna náms og kennslu. Bókasafn Keilis veitir persónulega þjónustu og styður nám og kennslu við skólann. Þjónustan við notendur felst einkum í:

- faglegri upplýsingaþjónustu
- leiðbeiningum við heimildaleit
- leiðbeiningum við upplýsingalæsi
- úrvinnslu heimilda
- útlán
- námsaðstoð

TÖLFRÆÐI

Eintakatölur bókasafns Keilis í árslok 2013: 4.249, þar af bækur 3.438. Árið 2012 var heildarfjöldi 4.142, þar af bækur 3.080. Aðrar tölur 2013, frá fyrra ári í sviga:

- Útlán: 560 (515)
- Millisafnalán á árinu voru 6 (12), 2 (2) beiðnir frá öðrum söfnum, 4 (10) fyrir Keili.
- Notendafraeðsla: 11 manns

ÁHERSLUR BÓKASAFNS KEILIS

Hafist var handa við að skrá BSc lokaritgerðir hjá nemendum í tæknifræði. Þannig verða allar lokaritgerðir leitarbærar á gegnir.is og leitir.is. Einnig var allt safn Flugakademiunnar skráð og ýmsum handbókum fyrir flugnema fjölgað. Farið var í að fá Þjóðskjalasafn Íslands til þess að samþykkja málalykil Keilis samkvæmt lögbundinni skyldu. Í nóvember var skoðað með vinnusvæði ONE.

Bókasafnið heldur kynningar á þjónustu safnsins, heimildavinnu, tilvísunum og höfundarétti fyrir alla nýnema Keilis. Auk þess býðst nemendum persónuleg kennsla í upplýsingalæsi og heimildaleit á netinu í sérhæfðum gagnagrunnum.

Aukin áhersla var lögð í að ná til nemenda í gengum Facebooksíðu safnsins. Þar er hægt að koma upplýsingum áfram til nemenda, bæði um þjónustu safnsins og öll ný safngögn sem berast.

Áfram hafa borist margar og góðar bóka- og tímaritagjafir á safnið. Níu bækur í ritróðinni Kennslubækur fyrir einkaflugpróf bárust frá nafnlausum flugmanni. Bókasafn Reykjanesbæjar gaf tímarit og bækur s.s. allar Íslendingasögurnar og ljóðasafn Davíðs Stefánssonar. Hlíf kennari gaf stærðfræðibók. Orkustofnun færði safninu bókgjöf. Félag íslenskra atvinnuflugmanna gaf tvær bækur, Flugmannatal og 60 ára saga FÍA. Einstaklingur gaf fjórar tölvubækur á safnið.

KYNNINGAR Á ÁRINU

- 3. janúar: Kynning á heimildaleit og þjónustu bókasafns Keilis fyrir fjarnemendur
- 12. febrúar: Kynning og kennsla í heimildaleit fyrir nemendur í þjóðhagfræði.
- 7. ágúst: Kynning á bókasafninu og þjónustu þess fyrir nýnema í tæknifræði.
- 19. ágúst: Kynning á bókasafninu og þjónustu þess fyrir nýnema í Háskólabrú.
- 9. september: Bókasafnsdagurinn. Sælgæti í skálum á safninu.
- 10. september: Kynning á heimildaleit og þjónustu bókasafns Keilis fyrir nemendur í flugvirkjun.
- 30. september: Stærðfræðinemendur vinna verkefni í þáttun með bókum á safninu.
- 11. nóvember: Kynning á heimildaleit, APA kerfi og þjónustu bókasafns Keilis fyrir nemendur í ævintýraleiðsögn.

NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF

Árið 2013 voru tveir starfsmenn sem sinntu náms- og starfsráðgjöf. Á vorönn voru það Sigrún Arnardóttir í 40% stöðu og Skúli Freyr Brynjólfsson í 100% stöðu, en á haustönn leysti Þóra Kristín Snjólfsdóttir Sigrúnu af og var í 50% stöðu.

Náms- og starfsráðgjafar Keilis leitast við að veita nemendum skólans stuðning meðan á námi stendur með það að leiðarljósi að auka árangur og vellíðan nemenda. Helstu viðfangsefni ráðgjafarinnar eru ráðgjöf um vinnubrögð og námstækni, ráðgjöf og úrræði vegna fötlunar eða sértækra námsörðugleika, persónuleg ráðgjöf, að efla sjálfsþekkingu nemenda og upplýsingagjöf um námsleiðir og störf. Talsverður hluti af starfi náms- og starfsráðgjafanna felst í að svara fyrirspurnum um deildir skólans og taka þátt í inntökufæri á allar deildir, þ.á.m. inntökuvíðtölum.

ÚTFÆRSLA OG EFTIRSPURN

Á árinu 2013 leituðu 273 nemendur til námsráðgjafa með hin ýmsu viðfangsefni. Þessir nemendur skiptast eftir deildum á eftirfarandi hátt:

Deild	Fjöldi	Hlutfall	Deild samtals
HBR staðnám	156	57,1%	79,5%
HBR fjarnám	61	22,3%	
Orku- og umhverfistækniþæði	14	5,1%	9,2%
Mekatróník hátækniþæði	11	4,0%	
ÍAK einkaþjálfari	11	4,0%	4,8%
Ævintýraleiðsögn	2	0,7%	
PPL	5	1,8%	6,6%
ATPL	2	0,7%	
ATC	1	0,4%	
Flugvirkjun	10	3,7%	
Samtals árið 2013	273		

Náms- og starfsráðgjafar Keilis leitast við að veita nána og persónulega ráðgjöf með það að markmiði að styrkja sjálfstæði og sjálfstraust nemenda. Í því skyni leitast ráðgjafarnir við að vera til staðar þegar nemendur þurfa á að halda og vera mjög sýnilegir í opnum rýmum skólans. Öll persónuleg viðtöl námsráðgjafa eru skráð niður og á haustönn var skráningin svo samræmd hjá báðum námsráðgjöfum. Heildarfjöldi viðtala var sem hér segir (Skúli allt árið og Þóra á haustönn):

	Skúli	Þóra	Samtals
Viðtöl við nemendur	1.136	135	1.271
Fyrirspurnir og inntökuvíðtöl	519	76	595
Samtals árið 2013	1.655	211	1.866

NÁMSKEIÐ

Sú breyting var gerð á tilhögun námstækninámsskeiða á haustönn að eitt námskeið (1-3 klst.) var sett inn í stundatöflu allra hópa sem hófu nám við Keili. Er það okkar mat að þetta verkefni hafi komið afar vel út í heild sinni. Annarsvegar hefur hlutfall þeirra nemenda sem taka þátt í námskeiðunum hækkað verulega og hinsvegar tryggir þetta að nemendur í öllum deildum fái greiðan aðgang að slíkri þjónustu. Það hefur í framhaldinu skilað sér í því að nemendur leita frekar til námsráðgjafa en áður.

ANNÆÐ

Nemendum gefst kostur á að koma í STRONG áhugasviðskönnun og fengið viðtal þar sem farið er yfir útkomu þeirra. Hluti af því viðtali er notað í almenna starfsráðgjöf.

Hafi nemendur grun um lesörðugleika, athyglisbrest eða aðra örðugleika, hafa náms- og starfsráðgjafar hvatt nemendur til að fara í greiningu til að sannreyna það.

Náms- og starfsráðgjafar hafa einnig hvatt nemendur til að nýta sér tilboð á hraðlestrarnámsskeiðum sem hafa staðið þeim til boða.

Náms- og starfsráðgjafar Keilis hafa verið talsvert virkir í kynningum á starfsemi og námsframboði Keilis og bæði tekið þátt í og stýrt kynningum fyrir ýmsa hópa. Þar á meðal eru nemendur og starfsfólk símenntunarstöðva, nemendur í framhaldsskólum og margir fleiri.



FLUGAKADEMÍA

Ánægjulegt er að upplýsa um að rekstarárið 2013 hjá Flugakademíu Keilis hefur í heildina verið mjög gott. Þá skal þar helst nefna að markaðsáætlun á erlendum vettvangi hefur gengið eftir sem hefur skilað sér í fjölgun erlendra flugnemenda og auknum tekjum fyrir félagið. Það er því óhætt að fullyrða að erlend markaðsvinna hefur skilað skólanum því að í dag er Flugakademía Keilis er orðin raunverulegur valkostur þegar kemur að vali á flugnámi á markaðssvæði okkar í Skandinavíu. Þessu góða markaðsstarfi þarf að fylgja markvisst eftir á komandi misserum og þannig tryggja stöðir fyrirtækisins og vörumerkis okkar sem „Value for Money“ þar sem við höfum numið land erlendis.

Starfsemi Flugakademíu er í dag mjög raunverulegur hluti af heildarstarfsemi Keilis hvað varðar umfang, tekjur, rekstrarkostnað, nemenda- og starfsmannafjölda sem og afleiddri þjónustu á Íslandi. Í því sambandi er rétt að nefna að í dag og treystir fjöldi fólks Flugakademíu fyrir afkomu sinni með ýmsum hætti hér á Suðurnesjum og víðar.

Fjölgun flugnemenda hefur leitt beint af sér að meira álag á daglega starfsemi sem og á flugvélaflota. Heildarflugtímar árið 2013 voru 4.242 tímar sem er 27,6% aukning milli ára og krefst slík fjölgun fleira starfsfólks og aukins álags á ýmsum sviðum starfseminnar. Starfsfólkið hefur staðið sig með þrýði og tekið virkan og jákvæðan þátt í uppbyggingunni það þakkir skilið fyrir þátttöku, jákvæðni og dugnað. Í ljósi og áætlana um vöxt félagsins var ákveðið á haustmánuðum á árinu 2013 að fjölga um tvær til þrjár flugvélar á árinu 2014 til að mæta raunverulegum og áætluðum vexti.

Mikil vinna hefur farið í að breyta flugrekstrarbókum Flugakademíunnar skv. körfu flugmálayfirvalda úr JAR í Part-FCL vottaðar rekstrarbækur.

Boðið var upp á nám fyrir flugkennara á árinu sem var vel sótt og stefnum við á að flugkennaranám sé

hluti af því vöruúrvali okkar sem er komið til að vera fastur liður í starfseminni.

Flugþjónustunámið fór af stað sl. haust í annað sinn með breyttu sniði í formi átta vikna kvöldnámskeiðs þar sem nemendur hlutu vottun um að hafa lokið grunnþjálfun öryggis- og þjónustuliða. Huga þarf vel að þessu námi til framtíðar litið til að tryggja að það standi undir væntingum bæði nemenda og skólans.

Fjölgun var á skráningu nemenda þar sem ellefu nemendur hófu nám í flugumferðarstjórn sl. haust. Sú staðreynd er þó enn yfirvofandi að námið berst í bökkum hvað nemendafjölda og kostnað varðar við framkvæmd námsins og mun því námið í heild sinni vera endurskoðað á árinu 2014.

Flugakademía bauð í fyrsta skipti upp á Flugbúðir Keilis, þriggja daga námskeiði fyrir unglinga sem var virkilega vel heppnað í alla staði. Tuttugu ungmenni kynntust flugstarfsemi á námskeiðinu og er þetta verkefni sem er sannarlega komið til þess að vera fastur liður í starfsemi skólans.

Flugvirkjabúðir Keilis fóru vel af stað sl. haust þar sem 28 nemendur hófu nám í flugvirkjun en um 120 umsóknir bárust. Unnið hefur í því að uppfylla rekstrarkröfur og gæðaferla samstarfsaðila og flugmálayfirvaldaráða, ráða og þjálfá kennara sem og annað starfsfólk. Jafnframt hefur undirbúningur við að setja á fót aðstöðu fyrir verklega kennslu í faginu tekið talsverðan tíma. Sú vinna vel á veg komin og er áætlað að því ljúki að mestu í lok árs 2014.

Nokkur tími á árinu hefur farið í að greina starfsemi Flugakademíunnar með tilliti til kostnaðar, rekstrar, verkferla, samvinnu og tækifæra. Þessi vinna mun skila okkur þekkingu til að takast á við vöxt félagsins á komandi árum til að ná okkar markmiðum um að vera raunverulegur valkostur á alþjóðavettvangi og skila arði til eigenda Keilir Aviation Academy ehf.



ÍPRÓTTAAKADEMÍA

Árið 2013 voru 69 nemendur útskrifaðir af einkaþjálfarabraut ÍAK, þar af níu á Akureyri. Ákveðið var að breyta fyrirkomulagi námsins með fleiri en styttri vinnulotum, auk þess að keyra á einum stærri hóp í stað tveggja eins og undanfarin ár. Teknir voru inn 55 nemendur en nokkuð var um brottfall á upphafi haustannar.

Talsverður hluti umsækjenda náði ekki lágmarkskröfum skólans um inngöngu og voru flestir þeir sem var synjað, með of litla fyrri menntun. Á móti kemur að þó nokkuð er um að fólk með háskólamenntun sækji um í námið.

Á Íslandi virðist atvinnumarkaður einkaþjálfara vera kominn í ákveðið jafnvægi og hefur það því meira gildi fyrir áhugasama sem vilja inn á þann markað, að vera með haldgóða menntun í faginu sem veitir forskot í samkeppninni. Á núverandi önn er í fyrsta skipti kenndur áfangi sem kennir nemendum bestu viðskiptahætti í starfi einkaþjálfara ásamt því að reka lítil fyrirtæki, markaðssetningu og að loka sölu. Þessi áfangi er því hugsaður til að sá frægum í huga verðandi einkaþjálfara um eigin rekstur utan líkamsræktarstöðva sem og að kenna þeim sem þar munu starfa hvernig hægt er að standa upp úr í samkeppninni.

Íþróttakademían fylgist vel með þeirri þróun sem á sér stað á vinnumarkaði einkaþjálfara. Mikilvægt er að fylgjast með aðstæðum á markaði og aðstoða útskrifaða nemendur við að finna sér starfsvettvang.

Á árinu var unnið að breytingum á stundarskrá ÍAK einkaþjálfarabrautarinnar og uppsetningu nýrrar námsleiðar samhliða ÍAK einkaþjálfun. Það er ÍAK styrktarþjálfun sem er sérmenntun fyrir þjálfara sen starfa við líkamsþjálfun afreksíþróttafólks. Námið hefur sama grunn (haustönn) og ÍAK einkaþjálfarinn svo um er að ræða valbraut á vorönn.

RÁÐSTEFNU- OG NÁMSKEIÐAHALD

Þjálfarabúðir voru haldnar tvisvar á árinu. Harvey Newton, einn fremsti lyftingaþjálfari Bandaríkjanna kom og hélt námskeið í sinni íþrótt, en einnig var hann fenginn til að vera einn af aðalfyrirlesurum á viðburði í tengslum við Reykjavík Internationa Games í janúar.

Dr. Mike Martino og Robert Linkul frá styrktarþjálfarasamtökunum NSCA, komu og héldu vel heppnaðar þjálfarabúðir í maí.

Mikil ánægja var með fyrirlesarana og mikilvæg fyrir ÍAK að mynda tengsl við fagmenn á alþjóðlegum vettvangi. Mikill styrkur ÍAK er að hafa gott aðgengi að fyrirlesurum sem eru vel þekktir í líkamsræktargeiranum víða um heim auk þess að hafa skipað sér sess sem helsti aðilinn á markaðinum með slíka viðburði.

NÝSKÖPUN OG ÞRÓUN

Eftir stutta en áhrifaríka undirbúningsvinnu, frá nóvember 2012 til maí 2013, var samstarfssamningur undirritaður á milli Keilis og Thompson Rivers University (TRU) í Kanada, um framkvæmd Keilis á átta mánaða námi (tvær annir) í ævintýraleiðsögn (Adventure Sports Certification). Námið fór af stað í lok ágúst með 16 nemendur innanborðs.

Stefnt er að því að fjölga í nemendahópnum næsta skólaár um átta nemendaígildi og keyra námið með samtals 24 nemendur. Fyrsta árið voru einungis íslenskir nemendur en búist er við þátttöku erlendra nemenda á komandi skólaári.

Fyrsta kennslumisserið lofar góðu, almenn ánægja er með skipulag og framkvæmd námsins. Erum við stolt af þessu nýja námsframboði sem án efa mun efla fagmennsku og öryggi á sviði ferðaþjónustu okkar stærstu atvinnugreinar. Við horfum framtíðina björtum augum á þessu sviði.

Samstarfsskóli okkar TRU, lítur einnig björtum augum á samstarfið og mun vera okkur innanhandar í framtíðar þróun námsins.

ÍAK styrktarþjálfarinn fór af stað á haustönn með 30 eininga námsbraut í hægferð. Það merkir að ein önn (sérhæfingin á vorönn) er teygð yfir átta mánuði, frá hausti til vors. Níu nemendur hófu nám á haustönn. Eins og með allt nýtt nám voru það nemendur og kennarar sem ruddu brautina og veittu okkur góðar ábendingar sem munu nýtast vel við framtíðar skipulagningu.

Til stóð að reyna að setja upp námsbraut í fíkn- og forvarnarnámi í samstarfi við HÍ en þær samningaviðræður hafa lagst af.

STARFSMANNAMÁL

Arnar Hafsteinsson hefur verið starfandi forstöðumaður síðan ágúst 2012. Steinþóra Eir Hjaltadóttir hefur starfað sem verkefnastjóri ÍAK þjálfaranámsbrauta í 70% starfi frá árinu 2011 og Ragnar Þór Þrastarson var ráðinn sem verkefnastjóri leiðsögnáms í ævintýraferðamennsku í ágúst 2013.

Tíu kennarar störfuðu við kennslu hjá ÍAK á vorönn og níu á haustönn. Allir eru þeir í hlutastarfi og á verktakasamning. Fjórir kennarar kenndu við námsbraut í ævintýraleiðsögn, einnig sem verktakar auk Ragnars Þórs verkefnastjóra sem kenndi allt bóklegt nám og stóran hluta verklegra áfanga.

Eftirfarandi breytingar urðu á mannaforða kennara ÍAK:

Þrír kennarar; Einar Einarsson sjúkraþjálfari, Helgi Jónas Guðfinnsson og Erna Héðinsdóttir næringar- og lýðheilsufræðingur sögðu sig frá störfum við Keili á haustönn.

Tinna Stefánsdóttir sjúkraþjálfari sem kennt hefur líffærafræði og þjálffræði á Akureyri, tók við kennslu á flestum áföngum Einars og Helga Jónasar.

Nýr kennari, Hrafnhildur Eva Stephensen, næringarfræðingur og ÍAK einkaþjálfari, tók við kennslu í næringarfræði.

Mark W. Johnson, íþróttifræðingur var ráðinn til kennslu á nokkrum áföngum í bæði ÍAK einka- og styrktarþjálfun. Einnig er hann aðstoðarkennari þar sem þess hefur þurft við.

FRAMTÍÐARSÝN

Einkaþjálfaranám ÍAK hefur tekið talsverðum breytingum á uppsetningu og röðun áfanga, ásamt því að nýjum áfanga hefur verið bætt við á vorönn, en það er áfanginn „Rekstrarumhverfi einkaþjálfara“ sem mikil þörf er á. Uppsetning námsbrautarinnar á ensku stendur fyrir dyrum og er verið að falast eftir samstarfi við þungavigtarmann í Noregi en samstarf við hann mun skipta sköpum um gengi Keilis á norskum markaði. Á teikniborðinu er námsbraut sem verður í fyrstu fjarnám með staðarlotum á Íslandi og síðar staðarlotum erlendis.

Uppsetning ÍAK einkaþjálfaranámsins á ensku gæti orðið mikil lyftistöng. Með tilkomu ÍAK styrktarþjálfaranáms og ævintýranáms er verið að styrkja stöðir deildarinnar og spennandi verður að þróa þessar brautir áfram hérlendis sem og erlendis.

Viðræður við University of Highlands and Islands í Skotlandi eru á byrjunarstigi og er verið að skoða möguleika á samstarfi skólanna. Um nokkra vænlega möguleika er að ræða og hafa báðir aðilar sýnt áhuga á að finna raunverulegan samstarfsflöt.

Við hjá ÍAK erum stöðugt að horfa út yfir sjóndeildarhringinn í leit að nýjum tækifærum og er víst að sá vettvangur sem ÍAK starfar á, bæði hér heima og erlendis, býður upp á mikla vaxtar- möguleika og möguleika á nýsköpun þar sem heilsa, íþróttir og ferðamennska eru allt vaxandi greinar.



TÆKNIFRÆÐI

Á árinu 2013 var lagður grunnur að innleiðingu tæknifræðinámsins í kennsluskra Háskóla Íslands og færslu nemenda í nemendaskrá háskólans. Unnið var að bættu skipulagi verkferla tengdum tæknifræðináminu sem skilaði sér í bættu náms- og starfs-umhverfi. Byrjað var á innleiðingu vendikennslu fyrir grunnfög með ágætum árangri. Mikil áhersla var lögð á kynningarmál og aukin tengsl námsins við atvinnulífið. Fyrirtæki voru heimsótt og fengnir voru utanaðkomandi sérfræðingar frá háskólum og atvinnulífi til að halda opnar kynningar hjá Keili. Vel tókst til og áþreifanleg aukning var í aðkomu atvinnulífs og sprotafyrirtækja að nemendaverkefnum, sem fellur vel að markmiðum námsins.

Annar útskriftarárgangur tæknifræðináms Keilis

Þann 14. júní 2013 útskrifaðist annar árgangur úr tæknifræðinámi Keilis með BSc gráðu í tæknifræði frá Háskóla Íslands og öðluðust útskriftarnemarnir um leið réttindi til að sækja um starfsheitið tæknifræðingur til lðnaðarráðuneytisins.

Eins og árið áður unnu nemendurnir metnaðarfull lokaverkefni og luku námi sínu með formlegri framsögn og vörn á verkefnunum sínum, ásamt veggspjaldakynningu við sjálfa útskriftina.

Útskriftaremendur tæknifræðinámsins hafa m.a. farið í framhaldsnám bæði hérlendis og erlendis í tæknifræði eða skyldum greinum, hafið störf hjá orku-, hugbúnaðar- og sprotafyrirtækjum og hjá verkfræðistofum og öðrum fyrirtækjum sem þjónusta atvinnulíf og iðnað. Einnig hafa nemendur stofnað nýsköpunarfyrirtæki í framhaldi af lokaverkefnum.

Listi yfir útskrifaða nemendur og lokaverkefni:

Þorvaldur Tolli Ásgeirsson: Quantitative evaluation of fat from the sewage system of two towns in Iceland.

Ásdís Gréta Hjálmarsdóttir: Koffín og kynhormónar í fráveituvatni. Mæling í Hafnarfirði og Vestmannaeyjum.

Hrafn Helgason: Hulsustrípari, forritun stýrivélar og hönnun rafstýringa.

Andri Þorláksson: Laser Printed Circuit Board Processing.

Halldór Andri Halldórsson: Designing and Building a Prototype of a Web Controlled Pet Feeding and Monitoring System.

Davíð Freyr Jónsson: Sáldurrör sem takmarkar útfellingu jarðhitavökva.

Ester Marít Arnbjörnsdóttir: Alaska lúpína notuð til að hreinsa mengaðan jarðveg.

Jósep Freyr Gunnarsson: Fræsispindill á þjark.

Þorgeir Þorbjarnason: Eldsneytisframleiðsla úr lífmassa með pýrólýsu og vetnun.

Albert Þórir Sigurðsson: Chemical Cluster in Helguvík.

Bjarni Baldvinsson: Sjálfvirkur fiskabúrshreinsibúnaður.

Jón Trausti Jónsson: Improvement in Electro Fusion Fittings Design.

Ólafur Víðir Sigurðsson: Analysis of Landspítalinn Electrical Consumption and power quality.

STARFSMENN DEILDARINNAR

Nokkrir nýir starfsmenn og stundakennarar tóku til starfa á árinu. Karl Sölvi Guðmundsson, sem var í árs leyfi óskaði ekki eftir að taka aftur við stöðu forstöðumanns. Sverrir Guðmundsson, sem leysti af Karl Sölva, tók við starfinu.

Nýir starfsmenn á árinu voru Andri Þorláksson, Þorgeir Þorbjarnason, Ásdís Ólafsdóttir og Úrsúla Ögn Guðnadóttir.

NÁM OG KENNSLA

Ágæt aðsókn var í tæknifræðinámi Keilis, þó lítilega minni en árið áður þegar umsóknum fjölgaði um ríflega 40% milli ára. Samtals voru um 76 virkir nemendur að jafnaði á öllum þremur árum tæknifræðinámsins sem er umfram þau 70 nemendaígildi sem tæknifræðinámið hefur leyfi fyrir. Beiðni um nauðsynlega fjölgun nemendaígilda úr 70 í 90 var send stjórnvöldum.

Nýnemar í tæknifræðinámi Keilis og HÍ hófu nám sitt með því að vinna tvískipt verkefni sem gekk út á að byggja brennsluhólf annars vegar og útfæra sjálfsstýringu hins vegar fyrir litla eldflaug. Einn megin tilgangur verkefnisins var hópefli og að stuðla að teymisvinnu hjá nýnemum, sem tókst með ágætum.

Vendikennsla í stærðfræði og forritun á fyrsta ári var útfærð. Einnig hófst vinna við vendikennslu í öðrum fögum á fyrsta ári.

Í fyrsta skipti fór nemandi í tæknifræðinámi Keilis og HÍ í skiptinámi erlendis á vegum ERASMUS.

Unnið var að inna skipulagi og ýmsum verkferlum sem miðuðu að því að koma skipulagi og framkvæmd námsins í fastara form. Má þar nefna: Komið var á föstum fundum með fulltrúum nemenda og hafa þeir mælst vel fyrir. Komið var á reglulegum og fastmótuðum kennarafundum. Samræmd einkunnagjöf og leiðir til að vinna gegn einkunnaþólgu. Komið á fastri tímasetningu prófa og úrbótaprófa, sem tóku mið af reglum um ýmis tímamörk fyrir bæði kennara og nemendur. Komið á föstum reglum um framgang lokaverkefna og frágang lokaritgerða útskriftarnema.

Nemendafélag tæknifræðinámsins fékk úthlutað aðstöðu í Eldey. Um er að ræða opið verkstæðisrými auk skrifstofurýmis.

Komið var á vinnuhóp sem skipaður var aðilum frá Háskóla Íslands og Keili. Vinnuhópurinn hafði það að markmiði að útfæra og vinna að innleiðingu tæknifræðinámsins í kennsluskra Háskóla Íslands og færslu nemenda í nemendaskrá Háskólans. Vel tókst til.

Tæknibúðir voru haldnar sumarið 2013 fyrir börn á grunnskólaaldri. Um var að ræða nokkur vikulöng námskeið þar sem börnin leystu vísinda- og tæknitengd verkefni undir handleiðslu þriggja starfsmanna Tæknibúðanna. Starfsmennirnir voru allir nemendur í háskólanámi, þar af tveir úr tæknifræðinámi Keilis og HÍ.

SAMSTARF

Samstarfi við AGH tækniháskólann í Kraká í Póllandi var áframhaldið. EES styrkur fékkst fyrir starfsmanna- og nemendaskipti. Samstarfið leiddi af sér bæði vinnufundi starfsmanna AGH og Keilis og nemendaskipti. Lögð voru drög að verkefnavinnu nemenda á vettvangi Keilis í tengslum við atvinnulíf.

Samstarfi var komið á milli tæknifræðináms Keilis og Metaltec ehf í eigu Jóns H. Magnússonar verkfræðings og frumkvöðuls á sviði álvinnslu. Verkefnið hefur þegar leitt af sér nokkur nemendaverkefni.

Samstarf hófst með Sjávarklasnum á Suðurnesjum. Samstarfið miðar að því að auka tengingu tæknifræðináms við fyrirtæki á Suðurnesjum. Til urðu nemendaverkefni sem tengjast sjávarútvegi.

Komið var á þróunarverkefni með Austurbrú um að kanna möguleika þess að nýta þau tækifæri sem felast í vendikennslu á fyrsta ári í tæknifræði, fyrir nemendur staðsetta á Austurlandi.

Haldið var áfram samstarfi við Robert Dell frá Cooper Union um þróun á hituðum gördum og nýtingu afgangsvarma með hitarafmagnsraflí, auk þess sem nemendur við tæknifræðinámi Keilis og HÍ unnu að verkefnum tengdum samstarfi Roberts Dell og Keilis, þá sérstaklega hitaða garðinum.

Áframhald var á verkefni Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar (Kadeco) og Orkurannsóknna Keilis, sem starfa náið með tæknifræðináminu, um rannsóknir á PCB spilliefnum í jarðvegi.

Keilir kom að stofnun félagsins Gekon (Iceland Geothermal klasasamstarf). Um er að ræða áframhald á tíu samstarfsverkefnum sem unnið hefur verið að innan Gekon síðan frá júlí 2011 til desember

2012, en þar hefur Keilir verið virkasta mennta- stofnunin í svokölluðum Nýliðunarhóp.

KYNNINGAR

Mikil áhersla var lögð á að kynna tæknifræðiná- m Keilis fyrir nemendum sem lokið hafa iðnnámi og starfandi iðnaðarmönnum. Nálgun og uppbygging námsins er mun verkefnamiðaðri en gengur og gerist í grunnnámi á háskólastigi og hentar námið því vel þeim sem hafa góða verkþekkingu og áhuga á tæknilegum lausnum og nýsköpun.

Tæknifræðiná- m Keilis var kynnt á Háskóladeginum, á árlegum Skrúfudegi Tækniskólans og með þátttöku í Vísindavöku Rannís. Námið var einnig kynnt í framhaldskólum bæði á Reykjarvíkusvæðinu og víða um land.

Útbúinn var veglegur kynningarbæklingur og skrifaðar greinar um tæknifræðinámið sem birtist í ýmsum nemendablöðum. Einnig var fjallað um námið í fjölmiðlum.

Styrkur fékkst frá Vaxtarsamningi Suðurnesja til að markaðssetja og gera kynningarefni fyrir Orku- rannsóknir ehf. Orkurannsóknir halda utan um rannsóknar- og tilraunaaðstöðu tæknifræðinámsins og tengir námið við atvinnulífið.

Opnir fyrirlestrar á vegum Keilis og þátttaka á ráðstefnum og fundum

Reglulega voru fengnir sérfræðingar frá háskólum og úr atvinnulífinu til að halda fyrirlestra opnum almenningi. Fyrirlestrarnir tengdust tæknifræði- náminu, nýsköpun og sprotafyrirtækjum, orkuvinnslu og orkufyrirtækjum og jarðfræði Reykjaness svo fátt eitt sé nefnt. Fyrirlestrarnir voru auglýstir eins og kostur var og mæltust vel fyrir hjá nemendum og öðrum gestum.

Starfsfólk tæknifræðinámsins og nemendur voru þátttakendur á bæði ráðstefnum og vinnufundum héraðs og erlendis.

AÐSTAÐA OG TÆKJABÚNAÐUR

Talsverð endurnýjun var á búnaði tæknifræði- námsins. Einnig bárust veglegar gjafir frá Marel; færðbönd fyrir vinnslukerfi sem nýtast vel í náminu.

Komið var upp lítilli tilraunavindmyllu sem fékk nafnið Kári. Einnig var sett upp samhliða fullkomin sjálfvirk veðurstöð og búnaður fyrir sjálfvirka gagnaöflun. Kadeco, HS Orka og Reykjanessbær styrktu verkefnið með fjárframlögum og Veðurstofa Íslands og Jarðvísindadeild Háskóla Íslands með mælitækjum og tækjabúnaði.



HÁSKÓLABRÚ

Forstöðumaður Háskólabrúar Keilis er Soffía Waag Árnadóttir og verkefnisstjóri fjarnáms er Inga Sveina Ásmundsdóttir. Kennarar á Háskólabrú eru tuttugu talsins á Ásbrú og Akureyri.

Háskólabrú Keilis hefur frá árinu 2007 boðið upp á eins árs nám er veitir ígildi stúdentsprófs. Keilir hefur verið í samstarfi við Háskóla Íslands við skipulagningu námsins. Markmiðið með náminu er að veita nemendum góðan undirbúning fyrir krefjandi háskólanám, en að lokinni Háskólabrú geta nemendur sótt um háskóla hérlendis og erlendis. Háskólabrúin er kennd bæði í staðnámi og fjarnámi. Nám eins og Háskólabrú hefur sannarlega sýnt fram á gildi sitt því aðsókn hefur verið góð frá upphafi.

Meðalaldur nemendahópsins hefur verið um 30 ár og um 40% nemendahópsins býr á Suðurnesjum og í nemendaíbúðum á Ásbrú.

Inntökuskilyrði á Háskólabrú eru að nemendur hafi lokið 70 framhaldsskólaeiningum. Þar af þurfa umsækjendur að hafa lokið að minnsta kosti sex einingum í stærðfræði, íslensku og ensku. Tekin eru inntökuviðtöl við umsækjendur sem er einn mikilvægur liður í gæðastarfi skólans.

Haustið 2013 hófu um 102 nemendur staðnám á Ásbrú og 27 nemendur á Háskólabrú Keilis á Akureyri. Það er þriðji hópurinn sem hefur staðnám á Akureyri en við höfum unnið með góðum árangri með SÍMEY, Símenntunarstöð Eyjafjarðar, sem sér um framkvæmd námsins.

FJARNÁM - EKKI SVO FJARLÆGT!

Fjarnám er þess eðlis að nemendur geta stundað námið óháð landfræðilegri staðsetningu enda eru prófastöðvar okkar um þrjátíu talsins bæði hérlendis og erlendis.

Í janúar 2013 voru 147 nemendur skráðir í fjarnám Háskólabrúar Keilis, en hluti þeirra tekur námið á lengri tíma.

Mikil áhersla hefur verið lögð í að þróa búnað og skipulag til fjarnámskennslu í Keili. Við höfum tileinkað okkur nýjustu tækni sem völ er á í rafrænni kennslu og þannig leitast við að gera fjarnámskennslu síður fjarlægga, kennarar og nemendur eru í samskiptum og augu og eyru nema það sem kennari leggur fram og umræður skapast.

Tæknin er vissulega mikilvægur þáttur í fjarnámi en auk þess hittast nemendur og kennarar í staðlotum í skólanum sem hefst með próftöku á fimmtudegi og nýr áfangi hefst á föstudegi og laugardegi á fimm vikna fresti. Þeir nemendur sem ekki geta mætt á vinnuhelgi taka þátt í vinnuhelgum fyrir tilstuðlan fjarkennslubúnaðar og eru þannig virkir þátttakendur í umræðum og verkefnavinnu.

KENNSLUAÐFERÐIR - VENDINÁM

Frá upphafi hafa kennsluáðferðir á Háskólabrú miðast við þarfir fullorðins fólks. Lögð er áhersla á verkefnavinnu, að nemendur vinni raunhæf verkefni ásamt því að vinna í hópi. Við höfum haft að leiðarljósi að þróa nýjar kennsluáðferðir, efla virkni nemenda í kennslutímum og breyta fyrirlestrarforminu.

Haustið 2012 breyttum við kennsluáðferðum okkar í öllum áföngum í svokallað vendinám (e. flipped classroom) þar sem fyrirlestrar eru færðir heim og heimavinna í skólann. Nú erum við að ljúka öðru skólaári með kennsluáðferðum vendináms.

Þegar nýjar kennsluáðferðir eru innleiddar er mikilvægt að fylgja eftir hvernig til hefur tekist og hvort nemendur og kennarar séu sáttir og innleiðingin hafi verið til góðs. Það er skemmst frá því að segja að hvorki nemendur né kennarar voru tilbúnir að fara til fyrra kennsluhorfs. Við munum alltaf leita nýrra leiða til þess að bæta nám og kennslu á Háskólabrú og er innleiðing vendináms í skólanum einn liður í því.

HEIMSÓKNIR OG KYNNINGAR - ÁHUGASAMT SKÓLAFÓLK

Það er óhætt að segja að breytingar á kennsluháttum á Háskólabrú hafi vakið athygli í skólasamfélaginu. Við höfum tekið á móti hundruðum áhugasamra skólamanna og kvenna sem hafa sýnt vendinámi mikla og verðskuldaða athygli. Við höfum kynnt vendinámi í fjölmörgum skólum og verið fyrirlesarar á ráðstefnum um skólamál. Keilir er þannig orðin leiðandi í að innleiða þetta nýja og öflugra kennsluform.

Í stóra samhenginu þá sýnir þessi mikli áhugi skólafólks og umræða um skólamál að það er mikil gerjun í þróun kennsluhátta og vilji til að endurskoða hefðbundið kennsluform í takt við nýja tíma. Við áttum fjölmargar góðar heimsóknir á árinu þar sem námið okkar var kynnt og samstarf eflt. Ber þar hæst heimsóknir í Visku í Vestmannaeyjum, Austurbrú á Egilsstöðum og til Fjölheima á Selfossi.

MENNTASTOÐIR - SAMSTARF VIÐ SÍMENNTUNARSTÖÐVAR

Frá því janúar 2009 hefur Keilir, Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins gert samning um Menntastöðir sem er nám hugsað fyrir þá sem ekki uppfylla inntökuskilyrði Háskólabrúar. Aðrir samstarfsaðilar vegna Menntastöða eru MÍMIR símennt í Reykjavík og SÍMEY.

Góð aðsókn hefur verið í Menntastöðir frá upphafi og margir nemendur þeirra hafa útskrifast frá Háskólabrú eða stunda þar nám. Einnig hefur Háskólabrú í staðnámi verið kennd á Akureyri í samstarfi við SÍMEY.

Við tókum á móti fjölmörgum nemendum Menntastöða á árinu og kynntu nám á Háskólabrú, enda eru þeir stór hluti þeirra sem sækir um nám hjá okkur.

ÚTSTKRIFT - ÞÚSUNDASTI ÚTSTKRIFTARNEMANDINN

Árið 2013 útskrifuðum við 196 nemendur, 87 nemendur útskrifuðust í staðnámi á Ásbrú, ellefu nemendur í staðnámi Akureyri og 98 nemendur úr fjarnámi. Við útskrift okkar í janúar 2013 útskrifuðum við þúsundasta nemandann okkar sem var gleðilegt. Í lok ágúst 2013 höfðu í alls 1.122 einstaklingar útskrifast af Háskólabrú Keilis.

Við erum stolt af þeim fjölda nemenda sem hefur útskrifast frá okkur. Fjöldi nemenda er þó ekki markmið skólans í sjálfu sér. Okkar metnaður liggur í að undirbúa nemendur okkar sem best fyrir háskólanám. Þannig höfum við unnið markvisst að því að byggja upp gæðastarf skólans. Við höfum fylgst vel með gengi nemenda okkar og hefur það sýnt sig að nemendur okkar velja sér fjölbreyttar námsleiðir og almennt telja sig vel undirbúna þegar í háskóla kemur. Að því erum við stolt.



VISKUBRUNNUR

Nafnið Viskubrunnur er samheiti fyrir námskeiðabanka Keilis, sem samanstendur af netnámskeiðum, netfyrirlesturum og venjulegum styttri og lengri námskeiðum. Undir Viskubrunn fellur allt það nám sem ekki á heima undir öðrum skólum og brautum Keilis. Verkefnastjóri Viskubrunns er Sigrún Svafa Ólafsdóttir.

Helstu viðfangsefni Viskubrunns fram til þessa tengst tæknilegum undirbúningi og framkvæmd námskeiða.

TÆKNILEGUR UNDIRBÚNINGUR

- Kennslukerfi Viskubrunns – Moodle 2.5
- Greiðslugátt Viskubrunns – sjálfvirk skráning í áfanga á netinu

FRAMKVÆMD NÁMSKEIÐA

- Flugbúðir – sumar- og helgarnámskeið fyrir flugáhugafólk
- Tækni- og vísindasmiðja – sumarnámskeið fyrir unglinga
- iPad námskeið fyrir einstaklinga og leikskólakennara
- Sterkur grunnur – undirbúningsnámskeið á netinu fyrir verðandi nemendur á Háskólabró þ.m.t. stærðfræði, enska, íslenska, líffræði, efnafræði og eðlisfræði
- Flug grunnur – undirbúningsnámskeið á netinu fyrir verðandi nemendur í Flugvirkjun, þ.m.t. stærðfræði, enska og efnafræði
- Skattframtal einstaklinga – netnámskeið í framtalsgerð
- Fríköfun – netnámskeið í bóklegum hluta köfunarnámskeiðsins AIDA 1 – 3
- Ökunet – netnámskeið í bóklegu ökunámi til B réttinda (í samvinnu við Ökuskólann í Mjódd)

VERKEFNI FRAMUNDAN

- Örnámskeið á netinu í ýmsum námsgreinum fyrir framhaldsskólanemendur
- Áframhaldandi vinna með Ökuskólanum í Mjódd – allt bóklegt ökunám á netið
- Undirbúningsnámskeið fyrir inntökupróf læknanema
- Íslandsbanki – endurmenntun
- Íslandspóstur – endurmenntun
- Landsbankinn – endurmenntun

SPENNANDI OG FJÖLBREYTT TÆKIFÆRI Í SKAPANDI UMHVERFI

Keilir var stofnaður vorið 2007 og hefur aðsetur á Ásbrú í Reykjanesbæ á fyrrum varnarsvæði bandaríska hersins. Frá upphafi hefur skólinn einsett sér að byggja upp námsmannasamfélag þar sem boðið er upp á vandað nám með áherslu á nýstárlega kennsluhætti og fyrsta flokks aðstöðu. Keilir starfar á fjórum sérhæfðum sviðum sem hvert hefur sínar áherslur í samræmi við markmið Keilis: Háskólabrú, Flugakademíu, Íþróttakademíu og tæknifræði.